

## Innsýn í lífstíðarþróun í framburði einstaklinga

### 1 Inngangur

Í þessari grein verður sjónum beint að því hvernig svæðisbundin framburðareinkenni þróast með aldrinum og að hvaða marki einstaklingar breyta máli sínu á lífsleiðinni.<sup>1</sup> Fyrri rannsóknir hafa sýnt að tíðni svæðisbundinna einkenna hefur almennt dregist saman á síðustu árum og áratugum en það kemur fram í því að yngri kynslóðir hafa tilhneigingu til að nota þessi einkenni í minna mæli en eldri kynslóðir. Einnig hefur komið í ljós að fólk heldur misjafnlega vel í eigin upprunalegan, svæðisbundinn framburð og að þar skiptir búseta máli, það er að segja hvort það heldur sig mest á heimaslóðum eða flyst á brott. Hér verður kannað nánar hvernig einstaklingar breyta máli sínu á mismunandi tímasteið-um lífsins og hvernig viðhorf og persónuleg afstaða hafa áhrif á þessa þróun.

Umfjöllunin afmarkast við 75 málhafa sem fæddir eru á árunum 1965–1974. Horft er til breytinga frá því að folkið var á unglingsaldri á tímum RÍN og þar til það var orðið miðaldra í svonefndri SVID-rannsókn (sjá nánar hér á eftir). Byggt er á upplestrarniðurstöðum frá 51 Norðlendingi, sem sýna þróun harðmælis og raddaðs framburðar, og frá 24 Sunnlendingum, sem varpa ljósi á þróun *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar. Hér er því um að ræða eftirfarandi fjórar breytur eða hljóðfræðileg pör í íslensku þar sem annað framburðarafbrigðið er markað gagnvart hinu, það er að segja bundið við afmarkaðra svæði.

<sup>1</sup> Við þökkum ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir og ábendingar. Greinin er unnin innan ramma rannsóknarverkefnis sem kallast *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVID). Verkefnið fékk þriggja ára styrk frá Rannsóknasjóði 2023–2025 (styrknúmer 239723-053). Höfundar þessarar greinar voru jafnframt verkefnisstjórar. Meðumsækjendum og öðru samstarfsfólki við verkefnið eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf. Sérstaklega viljum við þakka Evu Hrund Sigurjónsdóttur fyrir gagna- og myndvinnslu fyrir þessa grein, en hún var jafnframt meðhöfundur ráðstefnuerindis um viðfangsefni hennar.



(1) Norðlenska

a. **Harðmæli** er þegar /p, t, k/ eru borin fram fráblásin á eftir löngu sérhljóði: *tapa* [tʰapʰa], *líka* [likʰa], *bíta* [pitʰa]. Í meirihlutaframburði eru þau borin fram ófráblásin (linmæli): *tapa* [tʰapa], *líka* [lika], *bíta* [pita].

b. **Raddaður framburður** er þegar hljóðönnin /m, n, l, ð/ eru borin fram rödduð á undan fráblásnu lokhljóði: *hempa* [hempʰa], *mennta* [mɛntʰa], *hjálpa* [çauʰpa], *blaðka* [plaðkʰa]. Almennur framburður er að hafa óraddaða hljómendur á undan ófráblásnu lokhljóði (óraddaður framburður): *hempa* [hempʰa], *mennta* [mɛntʰa], *hjálpa* [çauʰpa], *blaðka* [plaðka].

(2) Sunnlenska

a. **Hv-framburður** kemur fram í orðum eins og *hvalur* [xa:lvʀ] / [xʷa:lvʀ] / [xva:lvʀ] þar sem er óraddað uppgómmælt önghljóð í framstöðu en ekki [kʰv] / [kʰf] eins og í hinum algengari *kv-framburði*, *hvalur* [kʰva:lvʀ].

b. **Skautfellskur einhljóðaframburður** heyrir í orðum eins og *bogi* [pɔ:ɟi] og *magi* [ma:ɟi], þ.e. borið er fram langt einhljóð á undan [ɟi], en ekki tvíhljóð eins og í almennum tvíhljóðaframburði þar sem [ɔi] og [ai] koma fyrir í þessari stöðu, *bogi* [pɔ:ɟi], *magi* [ma:ɟi].

Sérstaklega er litið til málfaha sem sýndu á sínum tíma skýr staðbundin framburðareinkenni af ofangreindum toga og hafa annað hvort lagt þau af að mestu leyti eða haldið sterkt í þau þrátt fyrir flutning á milli landshluta. Auk þess er sagt frá viðtölum við sex einstaklinga úr þessum hópi til þess að skoða nánar hvers konar breytingar hafa orðið í máli þeirra og hvað þeir segja sjálfir um þróunina. Markmiðið er að fá innsýn í það hvernig viðhorf einstaklinga geta spilað inn í breytingar á framburðareinkennum. Segja má að þeir einstaklingar sem viðhalda ákveðnum svæðisbundnum framburðareinkennum, hvort sem það er á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt, stuðli að viðgangi viðkomandi einkenna, á meðan þeir einstaklingar sem breyta máli sínu, ýmist á meðvituðum eða ómeðvituðum forsendum, ýti undir þá almennu þróun sem átt hefur sér stað, það er að segja að yngri kynslóðir tileinki sér síður svæðisbundin framburðareinkenni. Í rannsókninni er því grennslast fyrir um félagslegar og persónulegar ástæður fyrir breytingum í máli einstaklinga til að varpa ljósi á framgang málbreytinga almennt.

Skipulag greinarinnar er sem hér segir. Í kafla 2 er sagt frá fyrri rannsóknum á einstaklingsbundinni þróun svæðisbundinna framburðareinkenna og niðurstöðum forkannana í tengslum við SVIÐ. Kaffi 3 fjallar um efnissöfnun, gögn og

greiningaraðferðir. Í kafla 4 er sagt frá niðurstöðum um framburðarþróun þeirra 75 málhafa sem litið var til auk viðhorfa sex einstaklinga eins og þau birtast í viðtölum. Þar kemur fram að fólk hefur haldið mjög misjafnlega mikið í svæðisbundin framburðareinkenni sín, hvort sem það hefur flust brott eða búið áfram á heimaslóðum, en brottfluttir eru þó líklegri til að hafa dregið úr einkenninum. Enn fremur sýna gögn okkar að í sumum tilvikum hafa brottfluttir einstaklingar tekið meðvitaða ákvörðun um að halda í svæðisbundinn framburð og mælast jafnvel með sterkari einkenni nú en í RÍN. Í kafla 5 eru lokaorð.

## 2 *Bakgrunnur*

### 2.1 *Fyrri rannsóknir*

Á um það bil 70 ára tímabili, eða frá því um 1940 til 2010, voru gerðar þrjár meiri háttar rannsóknir á útbreiðslu svæðisbundinna framburðartilbrigða á Íslandi. Fyrst er að nefna brautryðjendarannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug síðustu aldar (hér eftir BG) þar sem hann rannsakaði framburð 12 og 13 ára barna úr flestum skólaumdæmum landsins.<sup>2</sup> Því næst kom *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (hér eftir RÍN) sem Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason stjórn-uðu á níunda áratug 20. aldar en hún náði til 3.140 málhafa á ýmsum aldri þar sem meðal annars voru tekin viðtöl við eldri málhafa sem sumir hverjir höfðu einnig tekið þátt í rannsókn Björns.<sup>3</sup> Loks gerðu Höskuldur Þráinsson og fleiri rannsókn á árunum 2010–2012 sem kallaðist *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (hér eftir RAUN).<sup>4</sup> Í þeirri rannsókn var byggt á hinum tveimur og þar með veitt frekari innsýn í afdrif mismunandi svæðisbundinna einkenna. Margrét Guðmundsdóttir hefur síðan umreiknað og tengt saman niðurstöður úr þessum þremur yfirlitsrannsóknum og rakið mjög ýtarlega fram-

<sup>2</sup> Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946; Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur II. Um íslenskan framburð*, Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar, Reykjavík: Heimspেকেideild Háskóla Íslands og Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1964.

<sup>3</sup> Sjá nánar Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske område“, *Nordisk dialektologi*, ritstjórar Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy, Oslo: Novus, 2003, bls. 151–196, og Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological variation in 20th century Icelandic“, *Íslenskt mál* 14: 1/1992, bls. 89–129.

<sup>4</sup> Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson, „Hvert stefnir í íslenskrí setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar“, *Íslenskt mál og almenn málfraði* 35/2013, bls. 57–127.

burðarþróun einstaklinga af Norðurlandi og Suðurlandi, allt frá rannsókn BG til RAUN.<sup>5</sup> Frá og með 3. kafla hér á eftir verður sagt frá völdum niðurstöðum fjórðu yfirlitsrannsóknarinnar en henni er ætlað að kanna stöðu svæðisbundinna framburðareinkenna á Íslandi. Verkefnið sem kallast *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ) hefur það markmið, rétt eins og RÍN og RAUN, að kanna stöðu svæðisbundinna framburðareinkenna og hvernig einstaklingar breyta eða viðhalda framburði sínum á lífstíð sinni. Einnig er leitast við að varpa ljósi á hlutverk meðvitaðra og ómeðvitaðra viðhorfa til máls þegar kemur að því að útskýra málfarsbreytingar í rauntíma.

Meðal markmiða hljóðkerfishluta RAUN var að vinna enn frekar úr gögnum BG til þess að auðvelda samanburð við seinni rannsóknir og fá fram sem skýrasta mynd af þróun svæðisbundinna framburðareinkenna í árunna rás. Rætt var við hluta þátttakenda úr fyrri rannsóknum en það þýðir að fólk sem var um áttrett í RAUN hafði verið á aldrinum 55–70 ára í RÍN en á barnsaldri í upprunalegri rannsókn BG. Tafla 1, frá Margréti Láru Höskuldsdóttur, lýsir þessu ferli vel:<sup>6</sup>

	1940+	1980+	2010+
unglingar	BG	RÍN	RAUN
fólk á aldrinum 40–55		RÍN	RAUN
fólk á aldrinum 55–70		RÍN	RAUN
fólk um 80 ára		RÍN	RAUN

Tafla 1: Hvaðan komu þátttakendurnir í RAUN?

Rannsóknir af þessari gerð snúa að málbreytingum í rauntíma (e. *linguistic change in real time*) en með því er átt við að „mál sama hóps málnotenda, eða sambærilegra hópa, er rannsakað tvisvar eða oftast með talsverðu millibili.“<sup>7</sup> Ef nákvæmlega sami hópur er rannsakaður aftur kallast það hóprannsókn (e. *panel study*) en ef um sambærilega hópa, til dæmis sömu kynslóðar eða árgangs, er það kallað

<sup>5</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, doktorsritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2022, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/3419>; Margrét Guðmundsdóttir, „Language change across the lifespan. The changing status of a local variant“, *Sociolinguistica* 38: 2/2024, bls. 237–259.

<sup>6</sup> Margrét Lára Höskuldsdóttir, „Breytingar á norðenskum framburði 1940–2011 og áhrif búferlaflutninga“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 35/2013, bls. 129–152, hér bls. 132.

<sup>7</sup> Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson, „Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar“, bls. 66.

stefnurannsókn (e. *trend study*).<sup>8</sup> Samkvæmt þessum skilgreiningum er RAUN hóprannsókn og RÍN blanda af hóp- og stefnurannsókn þar sem bæði var rætt við fólk sem tók þátt í rannsókn BG og einnig fleiri úr samsvarandi kynslóð sem ekki voru í úrtaki BG.<sup>9</sup>

Áð því er best verður séð eru tvær BA-ritgerðir frá því snemma á 9. áratug 20. aldar og ein MA-ritgerð frá upphafi 21. aldar fyrstu beinu athuganirnar á lífstíðarþróun í framburði einstaklinga hér á landi. Bæði BA-verkefni voru unnin í tengslum við RÍN og undir leiðsögn stjórnenda þeirrar rannsóknar. Annars vegar kannaði Guðvarður Már Gunnlaugsson að hvaða marki búferlaflutningar hefðu haft áhrif á afdrif skaftfellsks einhljóðaframburðar meðal Vestur-Skaftfellinga.<sup>10</sup> Í því skyni skoðaði hann þróunina hjá 54 málhöfum sem höfðu tekið þátt í rannsókn BG og síðan í RÍN, það er 27 sem höfðu flutt úr Vestur-Skaftafellsýslu til höfuðborgarsvæðisins, og til samanburðar 27 sem höfðu haldið kyrru fyrir á heimaslóðum. Í ljós kom að staðfastir málhafar héldu marktækt betur í einhljóðaframburðinn en þeir sem höfðu flust á höfuðborgarsvæðið. Einnig kom fram að eldri málhafar varðveittu frekar einhljóðaframburðinn en þeir yngri.<sup>11</sup> Hins vegar rakti Þórunn Blöndal þróun svokallaðs flámælis hjá 49 Reykvíkingum, fæddum 1930, sem höfðu tekið þátt í rannsókn BG og í RÍN.<sup>12</sup> Heildartölur bentu til þess að litlar sem engar breytingar hefðu orðið. Nánari eftirgrensulan leiddi aftur á móti í ljós að þótt flestir þátttakendur hefðu svipaða tíðni flámælisframburðar höfðu sumir dregið úr upprunalegu flámæli, einkum á /i/ og /u/, en aðrir sýndu merki um aukið flámæli, einkum á /e/ og /ö/. Vísbendingar voru um hærri tíðni flámælisframburðar hjá þeim sem höfðu alist upp í lægri stéttum samfélagsins og að félagslegur hreyfanleiki (e. *social mobility*), það er tilfærsla viðkomandi einstaklinga upp á við í stéttakerfinu, ýtti undir þróun til svonefnds réttmælisframburðar. Loks gerði Margrét Guðmundsdóttir sambærilega

<sup>8</sup> Sjá ítarlega umræðu hjá Gillian Sankoff, „Building on Empirical Foundations. Individual and Community Change in Real Time“, *New Directions for Historical Linguistics*, ritstjórar Hans C. Boas og Marc Pierce, Leiden: Brill, 2019, bls. 58–77.

<sup>9</sup> Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson, „Hvert stefnir í íslenskrri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar“, bls. 66.


<sup>10</sup> Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Skaftfellski einhljóðaframburðurinn. Varðveisla og breytingar*, óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 1983, bls. 50–54.

<sup>11</sup> Sjá einnig umræðu um framburð Vestur-Skaftfellinga í Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Um málfar Vestur-Skaftfellinga“, *Íslenskt mál og almenn málfraedi* 5/1983, bls. 81–103.

<sup>12</sup> Þórunn Blöndal, *Flámæli. Nokkrar athuganir á framburði Reykvíkinga fyrr og nú*, óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 1984, bls. 22, 42–45.

athugun og Guðvarður Már á þróun *lv*-framburðar í máli Vestur-Skaftfellinga frá BG til RÍN.<sup>13</sup> Þar kom einnig í ljós að brottfluttir drógu meira úr svæðisbundnum framburðareinkennum en þeir staðfastu en munurinn var þó minni en í tilviki skaftfellska einhljóðaframburðarins.

Af nýlegri fræðilegum skrifum um lífsúðarþróun svæðisbundinna framburðareinkenna í máli einstaklinga er fyrst að nefna grein Margrétar Láru Höskuldsdóttur sem fjallar um þróun nokkurra norðlenskra framburðareinkenna í máli 77 þátttakenda úr rannsókn BG sem voru prófaðir aftur í RAUN árið 2011 (hóprannsókn).<sup>14</sup> Af þeim sem þar var rætt við hafði 41 haldið sig á bernskuslóðum á Norðausturlandi en hinir 36 höfðu flutt til Reykjavíkur. Svæðisbundnu einkennin sem um ræðir voru harðmæli, norðlensk röddun og svonefndur lokhljóðaframburður eða *bð*- og *gð*-framburður. Yfirlit yfir niðurstöður þessarar rannsóknar má sjá á mynd 1 (kvarðinn á lóðréttu ásnum sýnir meðaleinkunnir fyrir viðkomandi breytu, en þær ná frá 1 og upp í 2, þar sem 1 þýðir að engin merki séu um viðkomandi framburð og 2 að framburðurinn er notaður í öllum tilvikum).



Mynd 1: Yfirlit yfir þróun norðlenskra framburðareinkenna.

<sup>13</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Málkunnáttufræði og málbreytingar*, Reykjavík, Mál og menning, 2002, bls. 142. Sjá einnig umræðu í Margrét Guðmundsdóttir, „Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði“, *Íslenskt mál og almenn málfraði* 30/2008, bls. 7–52, hér bls. 15. Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Skaftfellski einhljóðaframburðurinn. Varðveisla og breytingar*.

<sup>14</sup> Margrét Lára Höskuldsdóttir, „Breytingar á norðlenskum framburði 1940–2011 og áhrif búferlaflutninga“, bls. 129–152.

RAUN-rannsóknin sýndi að þessi svæðisbundnu einkenni voru á undanhaldi og að þau höfðu öll dregist saman í tengslum við búferlaflutninga þátttakenda til Reykjavíkur. Harðmælið var best varðveitt, bæði í máli brottfluttra og þeirra sem höfðu ekki flutt (staðfastra). Raddaður framburður hafði minnkað verulega, sérstaklega í máli þeirra sem fluttu. Lokhljóðaframburður í *-fð-* og *-gð-*samböndum hafði nær alveg horfið í báðum hópum þátttakenda.

Margrét Guðmundsdóttir skoðaði síðan mjög rækilega þróun raddaðs framburðar og harðmælis annars vegar og skaftfellsks einhljóðaframburðar og *hw-*framburðar hins vegar.<sup>15</sup> Tafla 2 sýnir meðaleinkunnir fyrir raddaðan framburð í máli Norðlendinga sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, það er BG, RÍN og RAUN (hér ná meðaleinkunnirnar frá 100 og upp í 200, þar sem 100 þýðir að engin merki séu um viðkomandi framburð og 200 að framburðurinn er notaður í öllum tilvikum).<sup>16</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	<i>p</i> : BG-RÍN	<i>p</i> : RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	48	188,6	161,4	164,8	<b>0,000</b>	0,082
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1942-1960)</b>	21		179,3	162,2		<b>0,003</b>
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1963-1970)</b>	15		160,0	145,8		<b>0,026</b>
<b>RÍN-kynslóð (f. 1942-1970)</b>	36		171,3	155,4		<b>0,000</b>

Tafla 2: Raddaður framburður: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

Eins og Tafla 2 sýnir lækkar meðaleinkunn raddaðs framburðar á milli kannana í öllum tilvikum hjá RÍN-þátttakendum, óháð búsetu.<sup>17</sup> Harðmælið varðveitist hins vegar enn betur:<sup>18</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	<i>p</i> : BG-RÍN	<i>p</i> : RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	48	197,9	189,5	194,7	<b>0,001</b>	<b>0,005</b>
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1942-1960)</b>	21		192,2	193,3		0,599
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1963-1970)</b>	15		194,0	197,6		<b>0,042</b>
<b>RÍN-kynslóð</b>	36		193,0	195,1		0,122

Tafla 3: Harðmæli: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

<sup>15</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*; Margrét Guðmundsdóttir, „Language change across the lifespan“.

<sup>16</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 236–237.

<sup>17</sup> Svokallað *p*-gildi tengist tölfraðilegri marktækni og sýnir hversu miklar líkur eru á að fylgnin sé tilviljun. Því lægra sem það er því minni líkur eru á að það sé tilviljun. Rauðmerktu *p*-gildin eru öll undir 0,05, sem er innan algengra marktækniviðmiða.

<sup>18</sup> Sama rit, bls. 235.

Meðaleinkunn BG-kynslóðarinnar lækkar svolítið í RÍN hvað varðar bæði harðmæli og raddaðan framburð en hækkar svo aftur í RAUN sem þýðir afturhvarf til upprunalegs framburðar (e. *retrograde lifespan change*). RÍN-kynslóðin er almennt mjög stöðug hvað harðmælið varðar og munurinn lítill á milli RÍN og RAUN.

Á sama hátt bar Margrét Guðmundsdóttir einnig saman þróun meðaleinkunna fyrir skafffellskan einhljóðaframburð hjá afmörkuðum hópum í BG, RÍN og RAUN:<sup>19</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	27	193,3	154,8	166,8	0,000	0,011
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1945-1957)</b>	8		161,8	175,6		0,026
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1958-1970)</b>	8		156,4	162,5		0,467
<b>RÍN-kynslóð (f. 1945-1970)</b>	16		159,1	169,1		0,048

Tafla 4: Skafffellskur einhljóðaframburður: Meðaleinkunnir hjá fullorðnum málhöfum sem tóku þátt í RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

BG-kynslóðin dalar talsvert í RÍN en hækkar sig svo aftur í RAUN, svipað og sjá mátti með harðmæli hjá Norðlendingum af sömu kynslóð. Hér er munurinn á milli kannana hins vegar talsvert meiri og afturhvarfið kröftugra sem því nemur. Skafffellskur einhljóðaframburður sækir einnig í sig veðrið frá RÍN til RAUN hjá báðum RÍN-kynslóðunum.

Loks reiknaði Margrét Guðmundsdóttir út meðaleinkunnir mismunandi hópa í BG, RÍN og RAUN hvað *hv*-framburð varðar:<sup>20</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	27	200	178,7	184,8	0,000	0,065
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1945-1957)</b>	8		176,9	170,0		0,239
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1958-1970)</b>	8		141,0	141,4		0,939
<b>RÍN-kynslóð (f. 1945-1970)</b>	16		158,9	155,7		0,362

Tafla 5: *Hv*-framburður: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

Enn má sjá merki um visst afturhvarf til upprunalegs framburðar í máli BG-kynslóðarinnar sem sýnir minni merki um *hv*-framburð í RÍN en í BG en bætir svo aftur við sig í RAUN. Þegar lítið er á RÍN-þátttakendurna í heild draga þeir smávægilega úr notkun *hv*-framburðar.

Áður en lengra er haldið er einnig vert að nefna Lilju Björk Stefánsdóttur og Anton Karl Ingason sem lagt hafa stund á rannsóknir á lífsleiðarbreytingum

<sup>19</sup> Sama rit, bls. 241.

<sup>20</sup> Sama rit, bls. 242.

og meðal annars skoðað málbeitingu þingmannsins Steingríms J. Sigfússonar yfir langt tímaskeið með mjög nákvæmri tímaupplausn sem þýðir að tiltekin máleinkenni eru könnuð á mörgum tímapunktum.<sup>21</sup> Þau benda á að í flestum rannsóknum af svipaðri gerð séu aðeins bornar saman fáar mælingar. Sömu höfundar leggja áherslu á að fáir tímapunktar geti auðveldlega skekkt gögnin, sérstaklega ef um einstakling er að ræða en ekki stórt úrtak.<sup>22</sup> Sjálfsagt er að hafa þetta í huga við túlkun þeirra rannsóknaniðurstaðna sem hér verður sagt frá.

## 2.2 Forkannanir í tengslum við SVIÐ

Til þess að undirbúa aðalrannsókn SVIÐ voru gerðar tvær forkannanir á þróun svæðisbundinna framburðareinkenna í máli einstaklinga. Niðurstöður úr þeim könnunum nýttust við mótnun rannsóknartækja í SVIÐ og voru einnig áhuga-verðar í sjálfu sér. Þess vegna verður sagt stuttlega frá þeim áður en lengra er haldið.

Í fyrri forkönnuninni skoðaði Rut Guðnadóttir þróun *hw*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar í máli sjö málhafa úr Skaftafellssýslum sem tóku þátt í RÍN á níunda áratug 20. aldar.<sup>23</sup> Allir þátttakendur höfðu þessi tilteknu framburðareinkenni í verulegum mæli sem börn eða unglingar en voru á aldrinum 50 til 64 ára í forkönnuninni um það bil 40 árum síðar. Framburður þeirra var kannaður á sama hátt og í RÍN með nokkrum uppfærslum úr RAUN. Að auki voru könnuð viðhorf þeirra, bæði til eigin framburðar og til annarra svæðisbundinna framburðareinkenna.

Þótt efniviðurinn bjóði ekki upp á ýtarlega tölfræðiútreikninga benda niðurstöður Rutar Guðnadóttur til sömu þróunar og sýnt hefur verið fram á í fyrri rannsóknum.<sup>24</sup> Þannig hélt aðeins einn af sjö þátttakendum í *hw*-framburð sinn að verulegu marki en fjórir höfðu blandaðan framburð og tveir höfðu alveg lagt *hw*-framburðinn af. Þetta samræmist mynstrinu um hnignun þessa framburðareinkennis almennt. Skaftfellskum einhljóðaframburði hafði aftur á móti verið viðhaldið í mun meiri mæli þar sem fjórir þátttakendur sýndu áfram skýr merki um þann framburð, tveir voru með blandaðan framburð og aðeins einn hafði al-

<sup>21</sup> Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason, „Einstaklingsbundin lífsleiðarbreyting: Þróun stílfærslu í þingræðum Steingríms J. Sigfússonar“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 44/2022, bls. 151–178.

<sup>22</sup> Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason, „A high definition study of syntactic lifespan change“, *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics* 24: 1/2018, bls. 1–10, hér bls. 4.

<sup>23</sup> Rut Guðnadóttir, *Á forsendum fjölbreytninnar. Rannsókn á staðbundnum framburðareinkennum Skaftafellssýslu og viðhorfum til þeirra*, óbirt skýrsla, 2021.

<sup>24</sup> Sama rit.

veg hætt að nota hann. Þetta samræmdist aftur mynstrinu sem komið hefur fram í fyrri rannsóknunum þar sem einhljóðaframburður hefur viðhaldist mun betur en *hw*-framburður. Í viðtölum við þessa einstaklinga komu einnig fram ýmsar áhugaverðar upplýsingar. Allir sýndu jákvæð viðhorf til eigin framburðar án þess að líta endilega á hann sem betri eða fallegri en annan framburð. Athyglisvert var að þátttakendurnir virtust sammála um að norðlenskur framburður væri fallegri en þeirra eigin sunnlenski framburður en það virðist vera hægt að rekja til þess að norðlenska er gjarnan tengd við skýrmæli.<sup>25</sup> Einnig kom fram í máli þátttakenda að þeir hefðu almennt ekki tekið meðvitaða ákvörðun um hvort þeir vildu halda svæðisbundnum framburðareinkennum sínum eða ekki. Hvað varðar hnignun *hw*-framburðarins nefndu sumir að líklega væri það vegna þrýstings og viðhorfa utan svæðisins og vegna þess að þeir vildu ekki skera sig úr í nýjum heimkynnum eða félagshópum.

Hin forkönnunin<sup>26</sup> var sjálfstætt framhald af BA-rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur þar sem 59 unglingar frá Dalvík og nágrenni, sem oft er talið vera innan kjarnasvæðis norðlensks harðmælis og röddunar,<sup>27</sup> voru hljóðþrúfaðir með sömu aðferðum og í RÍN.<sup>28</sup> Framburður 18 þessara málhafa, sem þá höfðu náð miðjum fimmtugsaldri, var kannaður á nýjan leik og því fylgt eftir með viðtölum um viðhorf þeirra, bæði til eigin framburðar og annarra svæðisbundinna framburðareinkenna, nákvæmlega eins og í fyrri forkönnuninni. Sjö af 18 bjuggu enn á Dalvík, fjórir höfðu flutt til Akureyrar og sjö höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstöður þessarar seinni forkönnunar samræmast einnig því mynstri sem kom fram í RÍN og RAUN. Í þessu tilfelli var það norðlensk röddun sem sýndi skýr merki um hnignun, og sú þróun virtist tengjast því hvort málhafar bjuggu enn á heimaslóðum sínum eða ekki. Þeir sem höfðu flutt burt frá Dalvík voru líklegri til að hafa dregið úr notkun þessa framburðareinkennis en þeir sem enn bjuggu þar. Þannig höfðu 11 þátttakendur sem höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar minnkað meðaltalsnotkun norðlenskrar röddunar úr 53% í 22% frá 1991 til 2022, en samsvarandi tölur fyrir sjö málhafa sem bjuggu enn á Dalvík voru 81% og 70%. Það eru þó undantekningar frá þessu almenna mynstri, eins

<sup>25</sup> Sjá einnig Margrét Guðmundsdóttir, „Language change across the lifespan“, bls. 250.

<sup>26</sup> Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi“. *Athugum á breytingum á framburði nokkurra Norðlendinga á lífsleiðinni og viðhorfum þeirra*, óbirt skýrsla, 2022.

<sup>27</sup> Kristján Árnason, *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslenskt tunga I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 369–372.

<sup>28</sup> Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og röddun í norðlenskum framburði*, óútfengin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 1991.

og til dæmis hjá einum þátttakanda sem nú býr í Reykjavík en hefur aukið verulega notkun norðlenskrar röddunar, að því er virðist á meðvitaðan hátt. Þetta endurspeglast í jákvæðum viðhorfum viðkomandi málfhafa gagnvart upprunalegu svæðisbundnu einkenninum, sem málfhafinn sagðist vilja halda áfram að flytja til komandi kynslóða. Á hinn bóginn virðist harðmælið varðveitast vel í máli þessara Norðlendinga og raunar vera enn stöðugra en skaftfellskur einhljóð-aframburður í máli Sunnlendinganna í fyrri forkönnuninni, þar sem flestir málfhafarnir, sérstaklega þeir sem búa enn á Norðausturlandi, hafa sjaldan eða aldrei minnkað notkun þessara einkenna á þeim 30 árum sem liðu á milli rannsókna. Aftur virðast viðhorf leika stórt hlutverk enda kom fram að þátttakendur töldu harðmæli almennt vera lykileinkenni í norðlenskum framburði og sá þáttur hans sem talinn var gera hann skýrari og jafnvel „réttari“ en önnur framburðartilbrigði. Í gögnum Evu Hrundar Sigurjónsdóttur komu einnig fram dæmi um að fólk hefði reynt að laga sig að meirihlutaframburði en tekið einkennin aftur upp, það er að segja eins konar afturhvarf (e. *retrograde language change*). Sumir lýstu því að stoltið hafi vegið þyngra og þeir meðvitað lagt sig fram við að „endurheimta“ einkennin. Enn fremur kom fram að athugasemdir frá öðrum (utan Norðurlands) hafi orðið til þess að fólk legði hreinlega einkennin af.<sup>29</sup>

### 2.3 Samantekt

Fyrri yfirlitsrannsóknir, það er BG, RÍN og RAUN, leiða í ljós að svæðisbundin framburðareinkenni á Íslandi hafa almennt verið á mishröðu undanhaldi. Þannig hafa norðlensk röddun og *hv*-framburður dregist verulega saman en harðmæli og skaftfellskur einhljóðaframburður standa mun betur þótt einnig hafi dregið úr þeim einkennum. Búferlaflutningar eru þekktir áhrifaþættir í þessari þróun og einnig eru merki um kynslóðabundið afturhvarf (e. *retrograde change*) til upprunalegs svæðisbundins framburðar. Niðurstöður úr forkönnunum sem gerðar voru í tengslum við SVIÐ koma almennt vel heim og saman við þessa heildarþróun en þar hafa líka komið fram skýrari vísbendingar en áður um að viðhorf skipti verulegu máli: sumir málfhafar hafa viðhaldið einkennum sínum, jafnvel með ásetningi og stolti, en aðrir hafa smám saman lagað sig að framburði meginþorra landsmanna, á misjafnlega meðvitaðan hátt.

Markmið SVIÐ voru meðal annars að fylgja eftir fyrri rannsóknum með því að kanna (i) að hvaða marki sama þróun hefur haldið áfram, (ii) hvernig flutningar innan sama svæðis hafa áhrif á varðveislu eða hnignun framburðareinkenna (samanborið við brottflutninga til annarra svæða) og, síðast en ekki

<sup>29</sup> Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „*Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi*“.

síst, (iii) hvaða hlutverk viðhorf (meðvituð og ómeðvituð) spila í því að viðhalda, draga úr eða endurheimta svæðisbundin einkenni. Þessar spurningar verða hafðar til hliðsjónar í köflunum hér á eftir þar sem gerð verður grein fyrir frekari þróun þessara framburðareinkenna og tengslum við búferlaflutninga, félagslega þætti og viðhorf til máls.

### 3 *Aðferðir, gögn og greining*

Eins og vikið er að í inngangi er unnið hér með gögn sem sýna þróun harðmælis og raddaðs framburðar annars vegar og *lv*-framburðar og skafftefellsks einhljóð-afamburðar hins vegar í máli 51 Norðlendinga og 24 Sunnlendinga sem tóku þátt í bæði RÍN á níunda áratug 20. aldar og SVIÐ um 40 árum síðar. Þessir málhafar eru fæddir á árunum 1965–1974 og voru því á barns- eða unglingsaldri í RÍN og á sextugsaldri í SVIÐ.

Til að ná fram upplýsingum um þróun framburðar hjá málhöfunum er hér unnið úr efniviði úr báðum meginhlutum þeirrar gagnasöfnunar sem fram fór í tengslum við SVIÐ. Í fyrri hlutanum voru alls 3.000 málhafar um allt land beðnir um að taka þátt í netkönnun sem ætlað var að veita yfirlit yfir stöðu svæðisbundinna framburðartilbrigða á Íslandi. Þessu 3.000 manna úrtaki var skipt í þrjá jafn stóra hópa og einn þeirra samanstóð af 1.000 manns sem höfðu áður tekið þátt í RÍN. Hinir hóparnir samanstóðu af annars vegar 1.000 unglíngum (12–20 ára) sem valdir voru af handahófi, fyrir utan það að svæðisdreifing var tryggð, og hins vegar 1.000 manna handahófsúrtaki úr Þjóðskrá, 12 ára og eldri. Þessi samsetning úrtaksins endurspeglar þá áherslu SVIÐ-rannsóknarinnar að ná til breiðs hóps yngri málhafa.

Í þessum fyrri hluta gagnasöfnunar vegna SVIÐ voru þátttakendur beðnir um þrenns konar gögn. Í fyrsta lagi tóku þeir þátt í framburðarprófi sem hannað var til að kanna hve mikið þeir notuðu ýmis framburðarafrbrigði, bæði áður þekkt og ný. Í þessu prófi tóku allir þátttakendur upp lestur sinn á stuttum texta sem ætlað var að ná fram ýmsum framburðareinkennum, en við það bætist að þátttakendur frá þeim þremur málsvæðum sem helst voru undir í rannsókninni, það er Norðurlandi, Suður- og Suðausturlandi og Vestfjörðum, tóku upp lestur sinn á öðrum stuttum texta sem settur var saman með ætluð framburðareinkenni hvers svæðis fyrir sig í huga. Í öðru lagi voru lögð svokölluð hulinspróf (*e. verbal guises*) fyrir alla þátttakendur en í þeim hlustuðu þeir á upptökur af svæðisbundnum framburði frá öðrum svæðum en þeirra eigin heimasvæði og voru síðan spurðir ýmissa spurninga sem vörðuðu vitund þeirra og viðhorf til þeirra málafríggja sem komu fyrir í hljóddæmunum sem þeir hlustuðu á. Í þriðja lagi

svöruðu þátttakendur spurningakönnun sem snerist um viðhorf þeirra til og skoðun á eigin framburðareinkennum. Þar var til að mynda grafið fyrir um hvort þeir teldu eigin framburð vera mikilvægan þátt í sjálfsmynd sinni og hvort þeir teldu sig hafa haldið upphaflegum framburði sínum og þá að hve miklu leyti það var meðvituð ákvörðun. Einnig var spurt beint út í viðhorf þeirra til eigin framburðar.

Í síðari meginhluta gagnasöfnunarinnar voru tekin einstaklingsviðtöl við úrtak 160 málhafa úr fyrri hlutanum. Hér var kafað dýpra í viðhorf þátttakendanna og skynjun á bæði eigin framburði og framburði annarra, með það fyrir augum að meta hvernig viðhorf gætu hafa leitt til þess að málhafar annað hvort varðveittu eigin framburðareinkenni eða lögðu þau af. Nánar tiltekið var helstu spurningum úr spurningakönnunarhluta netkönnunarinnar fylgt eftir í þessum hluta og þannig til að mynda spurt hvers vegna þátttakendur töldu framburð sinn mikilvægan hluta af sjálfsmynd sinni (eða ekki), hvers vegna þeir töldu eigin framburð vera hvort heldur er fallegan, ekki fallegan eða hvorki né, og hvað nákvæmlega kynni að hafa breyst í eigin framburði. Einnig var grafið fyrir um bakgrunn og búsetusögu hvers viðmælanda til að fá mynd af mögulegum áhrifum hvort heldur er búfestu eða búferlaflutninga á framburð. Nánari lýsingu á þeim aðferðum sem beitt var við SVIÐ-rannsóknina má finna í nýlegri yfirlitsgrein í *Íslensku máli og almennri málfræði*.<sup>30</sup>

Alls bárust 960 svör við netkönnuninni, það er fyrri hluta gagnaöflunar SVIÐ-rannsóknarinnar. 245 þeirra voru af Norðurlandi, þar af 51 frá þátttakendum sem einnig höfðu tekið þátt í RÍN, og 143 af Suður- og Suðausturlandi, þar af 24 frá RÍN-þátttakendum. Hér er unnið með framburðarpróf netkönnunarhlutans frá þessum alls 75 þátttakendum sem tekið höfðu þátt í RÍN. Þau voru greind á þann hátt að tveir rannsakendur hlustuðu á hverja upptöku og greindu þau hljóðfræðilegu atriði sem voru til skoðunar með því að færa inn stig fyrir framburð hvers markorðs, en hér er, sem fyrr segir, eingöngu fjallað um niðurstöður varðandi annars vegar harðmæli og raddaðan framburð og hins vegar hv-framburð og skafftellskan einhljóðaframburð. Þær niðurstöður voru síðan bornar saman við sambærilegar niðurstöður sömu þátttakenda úr RÍN, en að stofni til má segja að um sama framburðarprófið hafi verið að ræða í báðum þessum rannsóknum þar sem allir textarnir sem notaðir voru í SVIÐ komu úr RÍN og höfðu aðeins verið lítillga uppfærðir, meðal annars til að tryggja að

<sup>30</sup> Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 46-47: 2024-2025, bls. 15–61, hér bls. 22–27.

orðaforðinn væri ekki óþarflega gamaldags.

Af þeim 160 sem tóku þátt í síðari hluta gagnasöfnunarinnar vegna SVIÐ-verkefnisins, það er fóru í djúpvíðtöl, reyndust fjórir Norðlendingar og tveir Sunnlendingar hafa tekið þátt í RÍN. Því var rýnt í víðtölin við þessa sex einstaklinga og svör þeirra um viðhorf til eigin framburðar, um ástæður hugsanlegra framburðarbreytinga, um hlut framburðar í sjálfsmynd og svo framvegis sett í samhengi við þá þróun framburðar þeirra sem lesa má út úr samanburði á niðurstöðum þeirra úr framburðarprófinu í RÍN annars vegar og í SVIÐ hins vegar. Með þessu var vonast til að fá skýrari mynd af því hvort og þá hvernig viðhorf viðkomandi málfafa hafa haft áhrif á þróun framburðar þeirra yfir fyrrgreint 40 ára tímabil.


#### 4 Niðurstöður

Þessi niðurstöðukaffi skiptist í tvo meginhluta. Annars vegar verður gerð grein fyrir því hvernig harðmæli og raddaður framburður hafa þróast frá RÍN- til SVIÐ-rannsóknanna í máli Norðlendinganna 51 og skaftfellskur einhljóðaframburður og *hw*-framburður í máli Sunnlendinganna 24 sem tóku þátt í báðum rannsóknunum. Með öðrum orðum verður gefið yfirlit yfir niðurstöður hljóðgreiningar á viðeigandi markorðum, það er orðum þar sem harðmæli, raddaður framburður, skaftfellskur einhljóðaframburður eða *hw*-framburður geta komið við sögu, í upplestri þátttakenda á bæði því almenna framburðarprófi og því svæðisbundna sem lögð voru fyrir þátttakendur í báðum rannsóknum. Þannig verður lögð fram mynd af þeim breytingum sem kunna að hafa átt sér stað á framburði þátttakendanna frá því er þeir voru unglingar á 9. áratug síðustu aldar og þar til þeir voru komnir á sextugsaldur upp úr 2020. Farið verður sérstaklega yfir hvort framburðareinkenni hvors málsvæðis fyrir sig og umfjölluninni jafnframt skipt upp eftir því hvort þátttakendur búa enn á sínu heimasvæði eða hafa flutt þaðan.

Hins vegar verður gerð grein fyrir þeim viðhorfum til eigin framburðar og sýn á hugsanlegar breytingar á honum sem birtast í djúpvíðtölum við þá fjóra Norðlendinga og tvo Sunnlendinga sem tóku þátt í framburðarprófum bæði RÍN og SVIÐ og fóru jafnframt í djúpvíðtal í SVIÐ. Hér verður niðurstöðum þessara þátttakenda úr framburðarprófunum haldið til haga og þær settar í samhengi við þau viðhorf sem birtast í svörum þeirra í víðtölunum til að fá mynd af hugsanlegu samspili viðhorfa og þróunar framburðar.

#### 4.1 Þróun framburðar

Lítum fyrst á hvernig staðföstum Norðlendingum í hópi þátttakenda hefur haldið á harðmæli. Rétt er að benda á að með „staðföstum“ er átt við bæði þá sem búa enn í sínum heimabæ og þá sem hafa flust frá heimabænum en eftir sem áður haldið sig á Norðurlandi. Þessum tveimur hópum er þó haldið aðgreindum á mynd 2 hér fyrir neðan og sama verklag verður notað í sambærilegum myndum sem koma í kjölfarið og í meðfylgjandi umræðu um þróun framburðar meðal þeirra sem ekki flytja út fyrir landshlutann sem þeir eru upprunnir í. Einnig skal tekið fram að á öllum myndum tákna gulir punktar niðurstöður úr RÍN<sup>31</sup> en bláir tíglar tákna niðurstöður sömu einstaklinga úr SVIÐ. Það skor sem hver punktur eða tígull gefur til kynna tákna síðan meðalskor hvers einstaklings fyrir öll þau markorð sem greind voru fyrir hvert framburðareinkenni fyrir sig. Svo dæmi sé tekið merkir þannig gulur punktur sem lendir á 100% línunni á mynd 2 að viðkomandi einstaklingur hefur notað harðmæli í öllum markorðum um það sem komu við sögu í framburðarprófi RÍN á meðan blár tígull sem lendir á 50% línunni merkir að sá einstaklingur hefur notað harðmæli í helmingi mögulegra tilvika í SVIÐ. Númerin á x-ásnum eru póstnúmer þess svæðis sem málhafinn býr á eða hefur flust til.




Mynd 2: Harðmæli meðal Norðlendinga á Norðurlandi.

Niðurstöðurnar um harðmæli sem sjá má á mynd 2 byggjast á 33 markorðum úr framburðarprófum RÍN og SVIÐ. Myndin sýnir glögglega að bróðurpartur

<sup>31</sup> RÍN – Niðurstöður. [Án árs.] Óútféin skýrsla með niðurstöðum úr RÍN (Rannsókn á íslensku nútímamáli) fyrir hverja breytu á landinu öllu og í einstökum sýslum. Í skýrslunni er notaður kvarðinn 100–200, sbr. vísanir í niðurstöður Margrétar Guðmundsdóttur (2022) hér að framan. Á myndunum sem hér fara á eftir er stuðst við prósentukvarða.

Þátttakenda, hvort heldur er þeir sem búa enn í sínum heimabæ eða þeir sem hafa flust innan Norðurlands, notaði harðmæli í miklum mæli sem unglingar í RÍN og að flestir þeirra hafa jafnframt dregið nokkuð úr harðmælinu 40 árum síðar, það er í SVIÐ. Þannig má sjá, með því að rýna aðeins í pósthúmerin á x-ásnum, sem sýna hvar hver þátttakandi bjó þegar SVIÐ fór fram, að Akureyringarnir sex sem enn búa í sínum heimabæ (600) og höfðu nánast hreint harðmæli í RÍN hafa núna öllu blandaðri framburð og þrír þeirra eru meira að segja komnir niður fyrir 50%. Um leið má sjá nokkuð athyglisverðan mun á þessum tveimur hópum þar sem þeir 12 sem flust hafa innan Norðurlands virðast heilt á litið hafa dregið öllu minna úr notkun harðmælis en þeir 17 sem enn búa í heimabæ sínum og aðeins þrír úr fyrrnefnda hópnum hafa dregið úr notkuninni um meira en 15 prósentustig á meðan harðmæliseinkunn flestra úr síðarnefnda hópnum lækkar meira en svo. Að sama skapi er eftirtektarvert að í hópi þeirra sem flust hafa innan Norðurlands eru aðrir þrír einstaklingar sem hafa heldur bætt í harðmælisnotkun sína en það á aðeins við um einn þeirra sem hafa haldið tryggð við heimabæinn. Það er jafnframt athyglisvert að þessir einstaklingar eru þeir þrír í hópi þeirra sem flust hafa innan Norðurlands sem höfðu lægsta harðmælissskorið í RÍN. Þeir sem höfðu lægst skor í hópi þeirra sem enn búa í heimabæ sínum hafa hins vegar almennt enn frekar dregið úr harðmælisnotkun sinni. Í ljósi þeirra viðhorfa sem koma fram í djúpvíðtölunum, og verða rædd nánar hér síðar, má velta því fyrir sér hvort sú tilhneiging þeirra sem flust hafa innan Norðurlands til að halda öllu betur í harðmælið en þeir sem halda kyrru fyrir í heimabænum – eða jafnvel bæta í það – stafi af einhvers konar meðvitaðri eða ómeðvitaðri þörf fyrir að merkja sig áfram sem Norðlending þegar flutt er innan þess svæðis.

Víkjum þá að þróun notkunar harðmælis hjá brottfluttum Norðlendingum, það er þeim sem flust hafa út fyrir Norðurland. Niðurstöður þessa hóps má sjá á mynd 3.




Mynd 3: Harðmæli meðal brottfluttra Norðlendinga.

Hér er unnið á grunni sömu 33 markorða og á mynd 2 og sjá má að byrjunarreitir flestra brottfluttra Norðlendinga er sá sami og meðal hinna staðföstu, það er þeir notuðu harðmæli í miklum mæli í RÍN. Heildarþróunin á milli kannana (RÍN og SVIÐ) er einnig áþekkt í þeim skilningi að langflestir brottfluttra Norðlendinganna draga úr notkun harðmælis, rétt eins og þeir staðföstu. Hnignun harðmælis virðist þó heilt á litið vera heldur snarpari hjá þeim brottfluttra, einkum þegar þeir eru bornir saman við þá sem flust hafa innan Norðurlands. Eftir sem áður vekur athygli að þó nokkrir brottfluttir haldast nokkuð stöðugir á milli kannana. Einn þeirra heldur sig til að mynda við um 90% notkun harðmælis frá RÍN til SVIÐ og aðrir níu, sem allir voru með um eða yfir 75% notkun í RÍN, nota harðmælið enn í meira en 50% tilvika í SVIÐ. Þeir tveir einstaklingar í hópi brottfluttra sem minnst notuðu harðmæli í RÍN auka notkun sína síðan lítillega í SVIÐ en sú aukning er naumast marktæk og fer í raun úr nánast engri notkun og upp í örlítið meira en það. Heilt á litið haldast þessar niðurstöður þó vel í hendur við þá niðurstöðu Margrétar Láru Höskuldsdóttur að harðmæli sé líklegra en raddaður framburður til að halda velli þrátt fyrir flutning.<sup>32</sup>

Á mynd 4 má sjá að hvaða marki fyrrnefndur hópur Norðlendinga sem enn býr í heimabæ sínum nyrðra eða hefur flutt á annan stað á Norðurlandi notaði raddaðan framburð bæði á unglingsárum í RÍN og svo á sextugsaldri í SVIÐ.

<sup>32</sup> Margrét Lára Höskuldsdóttir, „Breytingar á norðlenskum framburði 1940–2011 og áhrif búferlaflutninga“, bls. 147.




Mynd 4: Raddaður framburður (áan *lt*) meðal Norðlendinga á Norðurlandi.

Hér komu 40 markorð við sögu og eins og sjá má er staða raddaðs framburðar nokkuð önnur en staða harðmælis.<sup>33</sup> Þannig var notkun raddaðs framburðar í RÍN öllu minni en notkun harðmælis hjá bæði þeim sem enn búa í heimabænum og þeim sem hafa flust innan Norðurlands og flestir þeirra sem notuðu raddaðan framburð að einhverju marki í RÍN hafa dregið talsvert úr þeirri notkun í SVIÐ. Þetta á þó einkum við um þá sem má segja að hafi haft blandaðan framburð í RÍN, það er þá sem raðast þar í kringum 50%-línuna, en athyglisvert er að þeir sem sýndu sterkust einkenni raddaðs framburðar sem unglingar eru þeir sem halda mest í þann framburð. Þannig halda allir þrír þeirra sem flust hafa innan Norðurlands og voru með nánast hreinan raddaðan framburð í RÍN þeim framburði svo til óbreyttum í SVIÐ og annar þeirra tveggja sem enn búa í heima-bænum og voru með sterk einkenni raddaðs framburðar dregur aðeins lítillega úr honum, þó einkunn hins lækki öllu hressilegar. Enn fremur má sjá að enginn þeirra sem sýndu lítil eða engin merki um raddaðan framburð á unglingsárum hefur tekið hann upp að nokkru marki þó vissulega megi finna dæmi um lítils háttar aukningu í þeim hópi.

Mynd 5 sýnir síðan þróun raddaðs framburðar hjá þeim Norðlendingum sem fluttu frá Norðurlandi.


<sup>33</sup> Með rödduðum framburði áan *lt* er átt við raddaðan framburð /l/ + /p,k/ (t.d. *hjálp*, *háalka*), /m,n/ + /p,t,k/ (t.d. *hempa*, *heimta*, *lunkinn*) og /ð/ + /k/ (t.d. *liðka*). Hjólðasamböndunum /l/ + /t/ (t.d. *bolti*), /l/ + /t/ (t.d. *hálf*) og /lg/ + /t/ (t.d. *volgt*) er sleppt þar sem sérstakar reglur gilda um þau (sjá Baldur Jónsson, „Um tvenns konar *lt*-framburð“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 4/1982, bls. 87–115).



Mynd 5: Raddaður framburður (án lt) meðal brottfluttra Norðlendinga.

Hér koma sömu 40 markorðin við sögu og á mynd 4 og glöggjt má sjá að mynstrið meðal brottfluttra Norðlendinga er nokkurn veginn það sama og hjá þeim sem staðfastari eru. Fáir í hópnum geta talist hafa verið með hreinan eða hér um bil hreinan raddaðan framburð á unglingsárum í RÍN en það er þó helst meðal þeirra sem sjá má merki þess að fólk haldi í upprunalegan framburð sinn í SVIÐ og einn þátttakandi bætir raunar nokkuð í þannig að hann fer úr um 85% í RÍN og upp í nánast hreinan raddaðan framburð í SVIÐ. Hér má aftur velta fyrir sér hvort að baki liggja einhvers konar þörf til að merkja sig afdráttarlaust sem Norðlending í nýju umhverfi, ekki síst þar sem þessi sami einstaklingur heldur þétt í nánast hreint harðmæli sitt frá RÍN til SVIÐ. Bróðurpartur þeirra sem voru með blandaðan framburð í RÍN hefur hins vegar dregið talsvert úr notkun raddaðs framburðar og sumir hafa jafnvel lagt hann alveg til hliðar. Loks halda sig þeir sem í RÍN sýndu lítil eða engin merki um raddaðan framburð á sömu slóðum í SVIÐ og flestir þeirra sem sýndu þó einhver merki um raddaðan framburð færast nú enn nær hreinum órödduðum framburði, með einni undantekningu þar sem greina má örlitla aukningu raddaðs framburðar.


Færum okkur þá suður yfir heiðar og skoðum þar fyrst afdrif skafffellsks einhljóðaframburðar meðal staðfastra Sunnlendinga á Suður- og Suðausturlandi, það er þeirra sem enn búa í sínum heimabæ á því svæði eða hafa flust innan þess. Yfirlit yfir niðurstöður þessa hóps má sjá á mynd 6.



Mynd 6: Skaftfellskur einhljóðaframburður meðal Sunnlendinga á Suður- og Suðausturlandi.

Markorðin sem hér liggja undir eru aðeins 13, sem er öllu lægri tala en varðandi bæði harðmæli og raddaðan framburð. Þessi lækkan skýrist af því að þau hljóðasambönd sem skaftfellskur einhljóðaframburður getur komið við sögu í eru fremur fátíð í íslensku. Að sama skapi má sjá á mynd 6 að sá hópur staðfastra Sunnlendinga úr RÍN sem einnig tóku þátt í SVIÐ er nokkuð fámennur eða aðeins 11 manns, þar af sex sem enn búa í sínum heimabæ og fimm sem hafa flust innan Suður- og Suðausturlands. Hér er því rétt að fara varlega í útleggningar á þeirri heildarmynd sem hér birtist, ekki síst þar sem henni verður líkast til best lýst sem blandaðri. Þannig hafa tveir þátttakendur sem sýnt höfðu talsverð merki um einhljóðaframburð í æsku í RÍN, og búa enn í sínum heimabæ, dregið nokkuð hraustlega úr þeim framburði á sextugsaldri í SVIÐ á meðan þrír aðrir þátttakendur, þar af tveir sem enn búa í sínum heimabæ og einn sem hefur flust innan Suðurlands, sem sýndu nokkur eða skýr merki um einhljóðaframburð í RÍN standa ýmist í stað eða bæta nokkuð í einkennin. Loks eru svo í hópnum alls sex þátttakendur sem notuðu einhljóðaframburðinn lítið eða ekkert í æsku í RÍN og halda sig á sömu eða svipuðum slóðum í SVIÐ.

Á mynd 7 má síðan sjá hvernig skaftfellskum einhljóðaframburði hefur reitt af meðal brottfluttra Sunnlendinga frá RÍN til SVIÐ.




Mynd 7: Skaftfellskur einhljóðaframburður meðal brottfluttra Sunnlendinga.

Hér koma vitaskuld sömu 13 markorðin við sögu og hjá staðfasta hópnum og aftur er þátttakendahópurinn nokkuð fámennur, eða 13 talsins, og því rétt að hafa sama fyrirvara og hér áðan varðandi heildarmyndina, sem er, rétt eins og meðal staðfastra Sunnlendinga, nokkuð blönduð. Þeir brottfluttu virðast þó heilt á litið sýna ívið meiri tilhneigingu til að draga úr notkun einhljóðaframburðarins og þannig er hér að finna sex einstaklinga sem draga úr einhljóðaframburði sínum um 10–30 prósentustig. Rétt er þó að benda á að einn þessara einstaklinga var sá sem sýndi sterkust einkenni einhljóðaframburðar í RÍN og þó hann fari vissulega úr tæplega 75% notkun framburðarins í RÍN og í tæplega 50% notkun í SVIÐ hefur hann þar með engan veginn lagt framburðinn af. Við þetta er svo rétt að bæta að einn einstaklingur helst stöðugur í kringum 60% markið frá RÍN í SVIÐ og annar einstaklingur bætir duglega í einhljóðaframburð sinn á milli kannana, eða úr aðeins 12,5% í RÍN og upp fyrir 50%-markið í SVIÐ. Engin merki um slíka þróun er hins vegar að sjá hjá þeim brottfluttu Sunnlendingum öðrum sem sýndu lítil eða engin merki um einhljóðaframburð í RÍN. Loks er athyglisvert að bæði sá einstaklingur sem nefndur var áðan og helst við 50% markið eftir lækkun úr 75% og sá sem bætir talsvert í einhljóðaframburð sinn búa nú á Egilsstöðum (700). Það er þó varhugavert að draga of miklar ályktanir af því um hugsanleg áhrif þess staðarvals á varðveislu eða jafnvel eflingu framburðarins þar sem í hópnum leynist þriðji einstaklingurinn sem flust hefur á Egilsstaði og sá er í hópi þeirra sem dregur hvað mest úr einhljóðaframburði sínum, þannig að hann er að mestu horfinn í SVIÐ eftir að hafa verið um 40% í RÍN. Líklegra er að hér sé um sambærileg einstaklingsbundin viðbrögð við flutningum að ræða og við

sáum dæmi um varðandi bæði harðmæli og raddaðan framburð hér ofar; hjá sumum vekja flutningarnir hugsanlega þörf til að merkja sig upprunasvæði sínu á meðan aðrir laga sig frekar að nýju heimkynnunum hvað varðar framburð.

Síðasta skrefið í þessum hluta niðurstöðukafflans er að huga að þróun *hv*-framburðar frá RÍN til SVIÐ hjá þeim sunnlensku þátttakendum, bæði staðföstum og brottfluttum, sem voru til skoðunar hér ofar varðandi þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar. Sem fyrr verður fyrst vikið að staðföstum þátttakendum og niðurstöður þeirra má sjá á mynd 8. Markorðin sem liggja undir eru 19 talsins.




Mynd 8: *Hv*-framburður meðal Sunnlendinga á Suður- og Suðausturlandi.

Hér vekur kannski fyrst athygli að sjö staðfastir þátttakendur, þar af þrír sem enn búa í sínum heimabæ og fjórir sem flust hafa innan Suðurlands, höfðu lítil eða engin einkenni *hv*-framburðar í æsku í RÍN og sýna enga tilhneigingu til að breyta því í SVIÐ. Um leið er þó eftirtektarvert að einn þessara einstaklinga sýndi nokkur merki um skaftfellskan einhljóðaframburð í RÍN og bætir talsvert í hann í SVIÐ.<sup>34</sup> Það sem er þó líkast til hvað áhugaverðast á mynd 8 er að þeir

<sup>34</sup> Eins og ónafngreindur ritrýnir bendir á má færa rök fyrir því að *hv*-framburður sé nokkuð annars eðlis en einhljóðaframburður: *hv*-framburðurinn er alveg bundinn við einstök orð og þá allar beygingarmyndir þeirra ef því er að skipta en einhljóðaframburðurinn er reglulegur eða reglubundinn í flestum tilvikum og fær oft stuðning af tilteknum beygingarmyndum orðsins (*bogi-boga, daginn-dagur, hugi-hugur* o.s.frv.). Ef málnotandi ætlar að hverfa aftur til *hv*-framburðar úr *kv*-framburði þarf hann að gera það orð fyrir orð og gæta sín á að rugla til dæmis ekki saman *hvalir* og *kvalir* eða *hver* og *kver* því að hann má ekki bera *kvalir* og *kver* fram með *hv*-framburði. Margrét Guðmundsdóttir (*Mál á mannsævi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, bls. 193–194) ræðir einnig hvernig

fjórir einstaklingar, þar af þrír sem enn búa í sínum heimabæ og einn sem hefur flust innan Suðurlands, sem í RÍN sýndu skýr merki um *hv*-framburð eða höfðu hann jafnvel hreinan halda almennt séð vel í hann. Sá eini þeirra sem hafði hreinan *hv*-framburð í RÍN dregur vissulega nokkuð úr honum en þetta lítur þó augljóslega út fyrir að vera enn sá framburður sem honum er tamastur. Þátttakandinn sem flutt hafði innan Suðurlands hefur síðan ekkert hnikað framburði sínum til frá RÍN og heldur sig enn við 50% markið, sem er líka athyglisvert í ljósi þess að sami þátttakandi bætir nokkuð við skaftfellskan einhljóðaframburð sinn frá RÍN til SVIÐ, og síðustu tveir þátttakendurnir í þessum hópi bæta heldur í *hv*-framburð sinn á milli kannana, þó þeir fari öfuga leið með skaftfellska einhljóðaframburðinn. Samantekið virðist því gilda hér að þeir í hópi staðfastra Sunnlendinga sem á annað borð notuðu *hv*-framburð að einhverju marki í RÍN gera það áfram í SVIÐ.

Mynd 9 sýnir svo að lokum þróun *hv*-framburðar hjá brottfluttum Sunnlendingum.



Mynd 9: *Hv*-framburður meðal brottfluttra Sunnlendinga.

Að hluta sést hér nokkuð kunnuglegt mynstur, það er þeir sem notuðu *hv*-framburðinn lítið eða ekki í RÍN nota hann heldur ekki í SVIÐ. Á því er þó ein áhugaverð undantekning, en einn þátttakandi sem sýndi engin merki um *hv*-framburð í RÍN fer upp í 75% í SVIÐ. Hér er raunar um sama einstakling að ræða og hafði bætt talsvert við skaftfellskan einhljóðaframburð sinn þrátt fyrir

víxl sem birtast í beygingarmynstri orða styðja við breytileika í blönduðu málumhverfi þar sem bæði einhljóða- og tvíhljóðaframburður tíðkast.

flutning til Egilsstaða. Tveir aðrir einstaklingar sýna líka drjúga aukningu *hw*-framburðar í SVIÐ, þó þeir hafi raunar báðir verið í kringum þriðjungsmarkið í RÍN. Á móti þessu ber þó að benda á að þriðji þátttakandinn í þessum hópi sem var í kringum þriðjungsmarkið í RÍN hefur alveg lagt *hw*-framburð af í SVIÐ og tveir aðrir þátttakendur fara á milli kannana úr mikilli notkun og í litla eða enga notkun. Loks dregur sá þátttakandi sem var með hreinan *hw*-framburð í RÍN aðeins lítillega úr þeim framburði í SVIÐ. *Hv*-framburðurinn virðist því geta þróast nokkurn veginn hvernig sem er í þessum hópi og eins og stundum áður má velta fyrir sér hvort og þá að hvaða marki hér liggja að baki einstaklingsbundin viðbrögð við flutningum.

Sú heildarmynd sem birtist í ofangreindum niðurstöðum sýnir almenna tilhneigingu þátttakendanna, einkum þó þeirra sem flust hafa brott frá upprunalegu heimasvæði sínu, til að draga heldur úr notkun þeirra svæðisbundnu framburðareinkenna sem við sögu koma. Um leið má þó greina talsverðan einstaklingsmun innan þessarar heildarmyndar. Þannig er býsna misjafnt hve mikið fólk dregur úr einkennunum og þess eru líka dæmi að fólk bæti heldur í notkun þeirra, jafnvel eftir brottflutning. Einnig má greina nokkurn mun á þróun framburðareinkennanna fjögurra. Hér vakna því ýmsar spurningar um hvað kunni að liggja að baki og í næsta kafla verður hugað að því hvaða áhrif viðhorf þátttakenda til eigin framburðar og þróunar hans kunna að hafa í þessum efnum.

#### 4.2 Viðhorf til framburðar og breytinga á honum

Sem fyrr segir fóru fjórir þeirra Norðlendinga og tveir þeirra Sunnlendinga sem tóku þátt í bæði fyrri hluta SVIÐ og í RÍN í djúpvíðtöl í síðari hluta gagnasöfnunar vegna SVIÐ-verkefnisins. Hér verður gerð grein fyrir viðhorfum þessara þátttakenda til eigin framburðar og breytinga á honum frá RÍN til SVIÐ, það er frá unglingsaldri og fram á sextugsaldur.

Svo gefin sé nokkru nánari lýsing á þessum sex þátttakendum eru tveir Norðlendinganna, annars vegar skagfirskur karl og hins vegar eyfirsk kona, staðföst þó þau hafi flutt sig lítillega innan síns heimasvæðis. Hinir tveir Norðlendingarnir, annars vegar karl með rætur á Dalvík og hins vegar norður-þingeyskur karl, eru hins vegar brottfluttir og búa nú á Suðurnesjum (Dalvíkingurinn) og Suðurlandi (Norður-Þingeyingurinn). Annar Sunnlendinganna er svo staðfastur karl úr Vestmannaeyjum á meðan hinn er kona sem hefur nú lengi búið á Austurlandi. Hér koma því við sögu fulltrúar allra þeirra grunnhópa sem greint var frá í kafla 4.1 hér ofar og umfjöllunin hér fylgir sömu röð og stuðst var við þar.

Staðfasti skagfirski karlinn var með nánast hreinan harðmælisframburð í RÍN (95%) og notaði raddaðan framburð í liðlega þriðjungi tilvika (37%) þá en

hefur lagt harðmælið alveg til hliðar í SVIÐ og aðeins virðist eima örlítið eftir af rödduninni (3%). Í netkönnunarhluta SVIÐ segist hann telja framburð sinn hafa tekið breytingum og hann virðist þannig meðvitaður um þessa þróun. Í djúpvíðtalinu sem tekið var við hann var hann síðan spurður að því hvers vegna hann teldi þessa breytingu hafa átt sér stað og þá svarar hann:

Vegna þess að ég heyri þetta ekki talað eins og áður. Ef að þetta er alltaf hljómandi í eyrunum á þér, (...) þá talarðu svona meira ómeðvitað en þetta er þegar að þú ...hvorki heyrir þetta eða sérð einhvern veginn. Þá færstu bara nær því umhverfi sem þú ert í sjálfur á þeim tíma. Þú litast af því sem þú heyrir og sérð hverju sinni.

Hér virðist því skýrt að þessi þátttakandi rekur breytinguna á framburði sínum beint til þess að hann heyrir ekki lengur upprunalegan framburð sinn í kringum sig, jafnvel þótt hann búi enn á Norðurlandi. Í það minnsta virðist ekki um meðvitaða ákvörðun að ræða því þegar hann er spurður að því svarar hann: „Ég held að þetta hafi bara gerst af sjálfu sér. Ég held að það hafi bara alls ekki verið meðvitað því ég hefði svona frekar viljað að maður hefði haldið í hitt sko. Held ég svei mér þá.“ Síðar í viðtalinu kemur fram að hann hafi, einkum í samkvæmum og vinalópnum, fengið athugasemdir um að hann sé „eitthvað alveg... grjót-harður rígmontinn Norðlendingur“ og að þegar hann hafi í þessum hópum sagt frá einhverju af innlifun hafi fólk í kjölfarið sagt „Já, þú ert þaðan já.“ Hann talar þó ekki um að þetta hafi haft bein áhrif á sig og líklegra virðist vera að breytinguna á framburði hans megi rekja til þeirrar ómeðvituðu aðlögunar að umhverfinu sem hann talar um, en hana má kannski aftur rekja til þess að allnokkuð hefur dregið úr notkun bæði harðmælis og raddaðs framburðar í Skagafirði frá RÍN til SVIÐ.<sup>35</sup>

Staðfasta eyfirska konan er einnig nokkuð staðföst í þeim skilningi að í SVIÐ hefur hún aðeins lítilla dregið úr því nánast hreina harðmæli og rödduðum framburði sem hún sýndi sem unglingur í RÍN. Þannig fer harðmæli hennar úr 90% í 76% og raddaður framburður úr 93% í 88%. Þegar hún er spurð að því í upphafi viðtalsins hvað komi fyrst upp í huga hennar þegar hún hugsar til framburðar í íslensku nefnir hún að „ég finn að börnin mín, þau eru flutt núna til Reykjavíkur, öll þrjú, og ég finn það hvernig framburðurinn þeirra er að breytast, ég tek eftir því ((hlær)).“ Hún bætir svo við að hún sé „alveg hætt að heyra þennan raddaða framburð [hjá börnum sínum], þau eru enn þá frekar

<sup>35</sup> Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrunn Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, bls. 36.

harðmælt en maður er alveg hættur að heyra *úlpa* [ulp<sup>h</sup>a] og eitthvað svoleiðis.“ Sjálf hefur hún, sem fyrr segir, að mestu haldið í framburð sinn, og segir sjálf að svo sé í netkönnuninni, en það virðist ekki endilega byggt á einhverri sterkri skoðun eða meðvitaðri ákvörðun, ef marka má orð hennar í djúpvíðtalinu: „Nei, ég held bara að ég hafi... go with the flow eða bara maður einhvern veginn bara... ég held að maður hafi bara svona sveiflast aðeins til eftir hvar maður er staddur sko.“ Hún nefnir þó jafnframt að hún sé stolt af framburði sínum, þó hún hafi stundum á unglingsárum upplifað skömm vegna hans og telji hann ekki mikilvægan hluta sjálfsmyndar sinnar, og nefnir einnig í framhjáhlaupi að henni hafi þótt „hallærisleg öll linmægli“ þegar hún var unglingur og virðist enn telja hana óskýrari framburð en harðmæli. Þessi afstaða hennar, ásamt því að hún býr enn á þeim slóðum þar sem raddaður framburður og sérstaklega harðmæli hafa enn nokkra fótfestu, virðist nægja til að halda framburði hennar lítt breyttum.

Dalvíkingurinn sem nú býr á Suðurnesjum var með nánast hreinan harðmælisframburð í RÍN (97%) og notaði þá jafnframt raddaðan framburð að miklu leyti (73%). Í SVID hefur hann dregið nokkuð úr harðmælinu þó hann noti það enn í meirihluta tilvika (64%) en meira hefur dregið úr raddaða framburðinum (13%). Í því ljósi er athyglisvert að hann segist í netkönnunarhluta SVID ekki telja sig hafa breytt framburði sínum, en í djúpvíðtalinu er hann svo beðinn um að útfæra það mat sitt nánar:

Uh, sko, þá er ég nú kannski ... Meira að meina sko ekki markvisst. Ómeðvitað hefur pottþétt eitthvað breyst, jájá. En markvisst held ég alls ekki sko. Ég hef alla vega aldrei haft neinar áætlanir um það að breyta mínum framburði (...). En ómeðvitað hefur þetta pottþétt gerst á einhvern hátt sko.

Í þessu sambengi tilgreinir hann einnig að hann hafi linast nokkuð, það er dregið úr harðmæli sínu, en kemur ekki sérstaklega inn á raddaða framburðinn þó hann hafi í raun dregið meira úr honum. Um leið virðist hann þó meðvitaður um að erfitt getur verið að leggja mat á eigin framburð: „Já, ég ... það er mín tilfinning en ég kannski er ekki maðurinn til að svara því sko. Það er voða erfitt að greina eigin framburð.“ Fólki í kringum hann á Suðurnesjunum virðist þó sumt hvert átta sig á uppruna hans út frá framburðinum og þegar hann er spurður að því hvort hann fái athugasemdir um framburð sinn segir hann eftirfarandi skemmtilega sögu:

Jájá. Margoft sko. Og ég nefndi bara gott dæmi um það. Ég ... var niðri í Vogum á Vatnsleysuströnd og hitti mann þar og fer að spjalla

við hann. Maður sem ég hef aldrei séð áður og hann segir við mig strax: „Ég heyri að þú ert að norðan.“ Og „jájá“ segi ég, og „Þú ert nú úr Eyjafirðinum en þú ert ekki Akureyringur.“ Og ég segi: „Nei. Nenei.“ Svo fer hann að rekja þetta og segir: „Þú ert miklu utar, (...) þú ert örugglega úr Dalvík.“ Og hann gat nánast bara sagt götunúmerið sko. Það var alveg... ég var alveg mjög impressed af honum sko bara... mér fannst þetta alveg magnað.

Um leið glittir hér í ákveðið stolt Dalvíkingsins og það ásamt því að framburður hans er að hans sögn mikilvægur hluti sjálfsmyndar hans sem hann vill ekki leggja til hliðar, að minnsta kosti ekki meðvitað, virðist skapa hjá honum ákveðna trú á að hann hafi breytt framburði sínum minna en raun ber vitni.

Áhugavert er að rýna nokkuð í viðhorf Norður-Þingeyingsins sem fluttur er á Suðurland í ljósi þess að hann bætir aðeins í bæði harðmæli (90%→91%) og raddaðan framburð (83%→98%) frá RÍN til SVIÐ þó hann hafi skorað ansi hátt í báðum þáttum í RÍN. Nokkuð skýrt virðist vera að einhvers konar stolt af uppruninum leikur lykhillutverk í því hve þétt hann heldur í framburð sinn. Þegar hann er í djúpvíðtalinu beðinn um að útfæra nánar það svar sitt í netkönnunarhluta SVIÐ að framburðurinn sé mjög mikilvægur hluti sjálfsmyndar hans byrjar hann þannig á því að segja sögu af því hvernig jafnaldrar hans lögðu norðlenskuna af til þess að skera sig ekki úr vegna athugasemda frá Reykvíkingum og bætir svo við, með skýrum norðlenskum framburðareinkennum:

Hins vegar hef ég alltaf bara verið montinn [mɔntʰm] og talað bara, það er nú örugglega að minnka [mɪŋkʰa] mjög mikið hjá mér sko, norðlenskan mín af því ég hef búið svo lítið þarna fyrir norðan, mjög lengi, en ég var ekkert að spara þetta neitt og það var gert stólpagrín [stouʰpakrɪn] að mér en mér fannst það bara... já fannst það bara allt í lagi, ég var ekkert að kippa mér upp við það.

Athyglisvert er svo að þrátt fyrir að hann bæti ef eitthvað er í bæði harðmæli sitt og raddaðan framburð telur hann framburð sinn hafa breyst til annarrar áttar síðan í æsku:

Ég held það. Ég held að ég sé orðinn linmæltari og ég radda ekki alltaf það sem ég var vanur að radda og svona, en fólk virðist ekki taka eftir því og kannski er það minna en ég held. Kannski er ég nær því sem var en þetta er einhver tilfinning sem ég hef að ég hafi glatað kannski einhverju.

Þessa meintu breytingu rekur hann svo til þess að hann „umgengst nánast engan sem að talar einhverju líkt mér,“ en segir um leið að þetta hafi ekki gerst meðvitað, enda kæmi það á óvart að gefnu áður nefndu viðhorfi hans.

Þá vikur sögunni að Sunnlendingunum tveimur. Sá fyrri, staðfastur Vestmannaeyingur, sýndi engin merki um *hv*-framburð í hvort heldur er RÍN eða SVIÐ en skor hans fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð fer úr 26% í RÍN og í 47% í SVIÐ og hér er því um athyglisverða hækkun að ræða þó ekki sé enn hægt að segja að einhljóðaframburðurinn sé sérlega stöðugur hjá honum. Hér virðist þó ekki liggja að baki nein meðvitað ákvörðun eða skýr afstaða þessa þátttakanda. Þannig svaraði hann með „hvorki né“ þegar hann var spurður að því í netkönnunarhluta SVIÐ hvort framburðurinn væri mikilvægur hluti sjálfsmyndar hans og þegar hann er beðinn um að útskýra það svar nánar í djúpvíðtalinu svarar hann:

Já, ég bara held að fólk kannski hugsar ekki mikið um þetta ... eða ég veit það ekki. Kannski þeir sem eru með þennan ... sem að ég mundi segja öðruvísi framburð kannski eins og fyrir norðan. Þeim finnst þetta. Þetta er kannski meiri hluti af þeirra sjálfsmynd en okkar Sunnlendinganna og annarra landsmanna. Sem telja sig ekki vera með neinn sérstakan framburð.

Hann sér með öðrum orðum ekkert sérstakt við sinn eigin framburð á meðan framburður Norðlendinga er „öðruvísi“. Hann telur framburð sinn heldur ekki hafa breyst og hafi það gerst sé það alveg ómeðvitað. Hann hefur jafnframt mjög hlutlausu afstöðu gagnvart fegurð eigin framburðar og talar ítrekað um hann sem venjulegan eða eins og annars staðar á landinu, fyrir utan Norðurland.

Öllu skýrari viðhorf birtast hjá síðasta þátttakandanum sem hér verður fjallað um, sunnlensku konunni sem flutt hafði á Austurland. Skaftfellsks einhljóðaframburðar gætti nokkuð hjá henni í RÍN (41%) en hann er að mestu horfinn í SVIÐ (8%). *Hv*-framburður hennar þróast hins vegar í öfuga átt þar sem hún notaði hann í 29% tilvika í RÍN en er komin upp í 95%, það er nánast hreinan *hv*-framburð, í SVIÐ. Skýringanna á þessari þróun virðast að einhverju leyti vera að leita í viðhorfum hennar því þegar hún er spurð að því í djúpvíðtalinu hvað sé það fyrsta sem komi upp í huga hennar þegar hún hugsar um framburð svarar hún:

Það er kannski *hv*-framburðurinn, mér [þykir] alltaf voða vænt um hann. Ég til dæmis urlast alveg inni í mér þegar ég heyri einhvern tala

um *hvítan* [k<sup>h</sup>vítan], *hvítan hval* [k<sup>h</sup>vítan k<sup>h</sup>va:l] sko *hvítan hval* [xvítan xva:l] ((hlær)) eða eitthvað álíka.

Spurð að því hvort hún telji *hw*-framburðinn dæmigerðan fyrir einhvern tiltekinn landshluta eða stað segir hún svo jafnframt að hann sé „náttúrulega soldið bundinn þarna við Suðurlandið og Skaftafellssýslurnar, þess vegna er mér svona mikið í mun að halda honum ((hlær)).“ Hún virðist með öðrum orðum vilja halda í sunnlenskan uppruna sinn í gegnum framburð sinn og frekari útlitun á því kemur þegar hún er beðin um að útfæra nánar það svar sitt í netkönnuninni í SVIÐ að framburðurinn sé mikilvægur hluti sjálfsmýndar hennar:

Já. Sko þegar maður flytur svona á eitthvað annað landsvæði, þá kannski vill maður oft einkenna sig. Ég er þaðan og ég tala svona, örugglega svipað og ef maður myndi flytja til útlanda og bara tala íslensku þá verður maður kannski bara enn þá meiri Íslendingur ((hlær)). Ríghalda í þessar íslensku hefðir, ég svona reyni að ríghalda í minn skaftfellska framburð, það eru fáir sem að tala svona hérna.

Hér virðist því liggja að baki skýr og meðvituð ákvörðun um að merkja sig sem Sunnlending eða Skaftfelling eftir flutninginn austur á land en einhverra hluta vegna virðist hún bara tengja þann uppruna sinn *hw*-framburðinum og bætir því duglega í hann á meðan skaftfellski einhljóðaframburðurinn fær að liggja á milli hluta hjá henni. Þetta er hugsanleg endurspeglun á þeim niðurstöðum rannsóknar Margrétar Guðmundsdóttur að fólk taki almennt síst eftir skaftfellskum einhljóðaframburði, hvort sem hann kemur fyrir í eigin máli eða annarra. Líklegt má telja að umrædd kona líti ekki þannig á að einhljóðaframburðurinn hafi verið eða sé eitthvert sérkenni og leggi þess vegna enga sérstaka áherslu á hann eða skynji hann jafnvel ekki.

## 5 *Lokaorð*

Þeirri heildarmynd sem birtist í þeim niðurstöðum sem hér hafa verið kynntar svipar um margt til þeirra niðurstaðna sem fram hafa komið í þeim fyrri rannsóknum Margrétar Láru Höskuldsdóttur<sup>36</sup> og Margrétar Guðmundsdóttur<sup>37</sup>

<sup>36</sup> Margrét Lára Höskuldsdóttir, „Breytingar á norðlenskum framburði 1940–2011 og áhrif búferlaflutninga“.

<sup>37</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*; Margrét Guðmundsdóttir, „Language change across the lifespan“.

sem einnig hafa reynt að rekja þróun framburðar einstaklinga í rauntíma. Að sama skapi má segja að niðurstöður okkar staðfesti að flestu leyti þær tilhneigingar sem greina mátti í forkönnunum Rutar Guðnadóttur<sup>38</sup> og Evu Hrundar Sigurjónsdóttur<sup>39</sup> í aðdraganda SVIÐ-verkefnisins. Þannig draga þátttakendur SVIÐ, sem þá voru á sextugsaldri, almennt heldur úr notkun svæðisbundinna framburðareinkenna frá því er þeir voru á táningsaldri í RÍN. Ekki er út frá fyrirbyggjandi gögnum hægt að sjá hvort tilhneigingar gætir til afturhvarfs til upprunalegs framburðar, þ.e. að draga á fullorðinsárum úr notkun ákveðinna framburðareinkenna sem viðkomandi höfðu í æsku en bæta svo aftur í notkun þeirra á efri árum, eins og Margrét Guðmundsdóttir fann í sumum tilvikum meðal þeirra sem tóku fyrst þátt sem unglingar í rannsókn Björns Guðfinnssonar og síðan sem fullorðnir í RÍN og loks á efri árum í RAUN,<sup>40</sup> en áhugavert væri að fylgja þeim þátttakendum SVIÐ-verkefnisins sem hér hefur verið fjallað um eftir þegar þeir komast á efri ár til að kanna hvort þessarar þróunar gætir hjá þeim.

Þegar niðurstöðurnar hér eru skoðaðar út frá einstökum framburðareinkennum og hópum má einnig sjá svipað mynstur og í þeim fyrri rannsóknum sem fylgt er eftir í SVIÐ. Þannig má sjá að þótt flestir norðlensku þátttakendanna dragi vissulega eitthvað úr notkun harðmælis frá RÍN til SVIÐ verður það enn að teljast snar þáttur í framburði flestra þeirra, á meðan þeir draga öllu meira úr notkun raddaðs framburðar og hann virðist helst halda velli hjá þeim í SVIÐ sem höfðu nánast hreinan raddaðan framburð í RÍN. Hér virðist búsetusaga þátttakenda jafnframt skipta nokkru máli, sérstaklega hvað varðar harðmæli þar sem þeir sem flust hafa frá Norðurlandi hafa dregið meira úr notkun þess en þeir sem enn búa nyrðra. Um leið má hér greina athyglisverðan mun á annars vegar þeim staðföstu Norðlendingum sem hafa haldið kyrru fyrir í heimabæ sínum og hins vegar þeim sem flust hafa innan Norðurlands þar sem síðartaldi hópurinn virðist halda þéttar í harðmælið en sá fyrri. Sambærileg mynstur eru heldur óljósari meðal sunnlensku þátttakendanna, sem má líkast til að einhverju leyti skýra með því að bæði markorð og þátttakendur þar eru heldur færri en norðan megin, en þó má hér greina að staðfastir Sunnlendingar eru heldur líklegri en þeir brottfluttu til að halda í skaffellskan einhljóðaframburð frá RÍN til SVIÐ og að þeir staðföstu Sunnlendingar sem sýndu skýr merki um notkun *lv*-framburðar í RÍN halda allvel í hann í SVIÐ, sem svipar til þess mynsturs sem fram kom varðandi afdrif raddaðs framburðar.

<sup>38</sup> Rut Guðnadóttir, *Á forsendum fjölbreytninnar*.

<sup>39</sup> Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „*Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi*“.

<sup>40</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 235, 241–242.

Þó líkast til sé eðlilegt að einkum sé horft til heildarmyndarinnar og þeirra meginmynstra sem hún byggist á þegar niðurstöður þessarar greinar eru ræddar má ekki gleymast að horfa einnig til einstaklinganna sem standa þar að baki. Þegar það er gert má skýrt sjá að allmargir þessara einstaklinga ganga með einum eða öðrum hætti gegn meginstraumnum og brjóta upp grunnmynstrið með því að ýmist halda betur í, draga frekar úr eða bæta jafnvel í notkun tiltekins framburðareinkennis en flestir í kringum þá. Hér virðast viðhorf þátttakendanna koma til skjalanna, eins og dæmi eru um í djúpvíðtölunum sex sem hér hefur verið greint frá. Þættir eins og að upprunalegur framburður sé skýr hluti af sjálfsmynd viðkomandi og stolt tengt upprunanum virðast geta leitt af sér hvort heldur er meðvitaða eða ómeðvitaða ákvörðun um að halda síft í upprunalegan framburð sinn eða bæta jafnvel í hann, og flutningur frá upprunasvæðinu getur leitt af sér sterka þörf til að merkja sig sem komandi þaðan með því að halda í framburð sinn frekar en að laga sig að umhverfinu. Viðhorf af þessum toga geta svo blandast saman eftir því hvaða einstaklingar eiga í hlut og þau geta jafnvel beinst að einu tilteknu framburðareinkenni frekar en öðru, eins og hvað gleggst má sjá hjá þeim þátttakanda sem tengir sunnlenskan uppruna sinn skýrt við *hw*-framburð og bætir því duglega í hann eftir flutning frá sínu heimasvæði á meðan hún leggur skaftfellskan einhljóðaframburð nánast alveg niður frá RÍN til SVIÐ, þrátt fyrir að hafa notað hann að nokkru marki í RÍN. Hlutlausari viðhorf virðast aftur líklegri til að ýta undir það að fólk dragi úr notkun svæðisbundinna framburðareinkenna sinna, oftast ómeðvitað þar sem hlutleysinu virðist fylgja einhvers konar andvaraleysi í þessum efnum. Samantekið virðist því ljóst að þótt heildarmyndin segi vissulega nokkuð skýra sögu meginstraumsins má jafnframt finna í henni ýmiss konar einstaklingsbundin frávik, sem oftar en ekki tengjast viðhorfum viðkomandi málhafa og er ekki síður vert að gefa gaum eigi fullur skilningur að nást á eðli breytinga á svæðisbundnum framburði í rauntíma.

## ÚTDRÁTTUR

Í greininni er rýnt í gögn úr rannsóknarverkefni *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og mál-breytingar í rauntíma* (SVIÐ) með það fyrir augum að kanna hvernig einstaklingar breyta svæðisbundnum framburði sínum með aldrinum og hvernig viðhorf og persónuleg afstaða hafa áhrif á þá þróun. Umfjöllunin afmarkast við 75 málhafa sem fæddir eru á árunum 1965–1974 og tóku, auk SVIÐ, þátt í öðru sambærilegu rannsóknarverkefni, *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN), á níunda áratug síðustu aldar, er þeir voru á unglingsaldri. Byggt er á upplestrarniðurstöðum úr bæði RÍN og SVIÐ frá 51 Norðlendingi, sem sýna þróun harðmælis og raddaðs framburðar frá fyrri rannsókninni til þeirrar síðari, og frá 24 Sunnlendingum, sem varpa ljósi á þróun *hw*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar. Auk þess er sagt frá viðtölum sem tekin voru við sex einstaklinga úr þessum hópi í SVIÐ til þess að skoða nánar hvers konar breytingar hafa orðið í máli þeirra og hvað þeir segja sjálfir um þróunina. Með því fæst innsýn í hvernig viðhorf einstaklinga geta spilað inn í breytingar á framburðareinkennum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að málhafarnir 75 halda mjög misjafnlega mikið í svæðisbundin einkenni sín hvort sem þeir hafa flust brott frá Norðurlandi eða Suðurlandi eða búið áfram á upphaflegum heimaslóðum sínum. Þannig heldur harðmæli velli að talsverðu leyti meðal Norðlendinga, þó flestir þeirra dragi vissulega nokkuð úr notkun þess á milli rannsókna, á meðan raddaður framburður gefur eftir nema helst hjá þeim sem voru með nánast hreinan raddaðan framburð í RÍN. Línur eru ekki eins skýrar varðandi *hw*-framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð meðal Sunnlendinganna þó þeir dragi heilt á litið heldur úr notkun beggja einkenna. Brottfluttir eru einnig almennt líklegri til að draga úr einkennum en þeir staðföstu en einstaklingsbundin viðhorf virðast einnig vera skýr áhrifaþáttur og þeir einstaklingar sem í viðtölunum viðra einhvers konar stolt yfir upphaflegum framburði sínum og telja hann mikilvægan hluta sjálfsmyndar sinnar eru líklegri en þeir sem eru hlutlausari í afstöðu sinni til þess að halda í svæðisbundin framburðareinkenni eða bæta jafnvel í notkun sína á þeim, og hafa oftast en ekki tekið meðvitaða ákvörðun um að merkja sig uppruna sínum með þeim hætti.

*Lýkilord:* Lífstíðarbreytingar, staðbundinn framburður, viðhorf

## A B S T R A C T

**Insights into lifetime development of individual pronunciation**

In this article, data from the research project *Regional Pronunciation, Attitudes and Real-Time Change* (RePARC) is examined in order to study how individuals change their regional pronunciation with age and how their attitudes and personal stance affect this development. The discussion is limited to 75 speakers who were born between 1965 and 1974 and, besides RePARC, took part in another comparable research project, *Research on Phonological Variation in Modern Icelandic* (Rannsókn á íslensku nútímamáli = RÍN), in the 1980s, when they were teenagers. The analysis is based on recordings of the participants' reading of short texts in both RÍN and RePARC that show, on the hand, the development of so-called "hard speech" (harðmæli), i.e., aspirated /p, t, k/ after vowels, and voiced pronunciation (raddaður framburður) amongst 51 northern Icelanders and, on the other, the development of *hw*-pronunciation (*hw*-framburður) and monophthongal pronunciation ((skaffellskur) einhljóðaframburður) amongst 24 southern Icelanders. Furthermore, interviews were made with 6 individuals from this group in RePARC to examine in greater detail how their pronunciation has changed and what they have to say about this development. With this, insights can be gained into how attitudes can play a part in changes in pronunciation. The results from the study show that the 75 participants in question hold on to their regional characteristics to a varying degree, regardless of whether they have moved from northern or southern Iceland or still live in their area of origin. Thus, "hard speech" remains frequently used amongst northern Icelanders, even though most of them decrease their use somewhat from one study to the other, while voiced pronunciation loses ground except amongst those who were almost completely consistent in their usage of it in RÍN. The results regarding *hw*-pronunciation and monophthongal pronunciation amongst the southerners are less clear-cut even though both show general signs of decreased usage. Those who have moved away from their area of origin are also more likely to decrease their usage of regional characteristics than those who have stayed put but individual attitudes also seem to have clear effects and individuals who in the interviews express pride in their original pronunciation and regard it as an integral part of their self-identity are more likely than those who hold a more neutral stance to hang on to their regional characteristics or even increase their usage of them, and more often than not they have made a conscious decision to use their origin as a label in this way.

*Keywords:* Lifespan change, regional pronunciation, attitudes

ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON OG FINNUR FRÍÐRIKSSON

ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON

Prófessor

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

asgriman@hi.is

FINNUR FRÍÐRIKSSON

Dósent í íslensku

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

finnur@unak.is